

Eyvík í Grímsnesi

Steinhleðsla og meint kuml

Kristinn Magnússon



19

Eyvík í Grímsnesi

Steinhleðsla og meint kuml

Kristinn Magnússon



Ljósmynd á forsiðu: Meint kuml Ketilbjörns gamla. Ljós. Kristinn Magnússon.

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Kristinn Magnússon

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Vettvangskönnun	5
Fornleifar	5
Niðurstaða	7
Kuml Ketilbjörns Gamla	7

Eyvík í Grímsnesi

Steinhleðsla og meint Kuml

Inngangur

Þann 22. ágúst 1996 fór undirritaður austur að Eyvík í Grímsnesi. Vegna lagningu nýrrar vatnslagnar hafði verið grafinn skurður á svæði þar sem vitað var að bæjarhús stóðu fyrrum. Í skurðinum kom í ljós steinhleðsla og þar fannst einnig deigla úr járn. Heimamenn létu vita af þessu og tók undirritaður að sér að athuga staðinn fyrir hönd fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

Vettfangskönnun

Í Eyvík í Grímsnesi er þríbýli. Bæjarhúsin þrjú standa á hól eða ás sem liggur norðvestanvert við Hestvatn. Austan og sunnan undir ásnunum er mun meiri halli og lengra niður á jafnsléttu en norðan og vestan megin. Í hallanum sunnanmegin í ásnunum stendur steipt hús, bæjarhús byggt árið 1936. Húsið er ekki notað lengur. Að sögn Emmu Kolbeinsdóttur, sem er fædd á staðnum og einn af núverandi ábúendum jarðarinnar, stóð íbúðarhús, byggt úr timbri um 1900, sunnan við steinhúsið. Nokkru sunnar en timburhúsið stóð enn eldra íbúðarhús, byggt úr torfi. Kolbeinn Jóhannesson faðir Emmu fæddist í því húsi. Umræddur skurður er um 30 m SA af steipta bæjarhúsinu, frá 1936. Hann er því nærri þeim stað sem gera má ráð fyrir að torfbærinn gamli hafi staðið á. Rétt vestan við skurðinn eru sýnilegar tóftir. Emma segir að þar hafi staðið smiðja og hjallur. Að sögn Emmu á að vera til lýsing af bæjarhúsunum frá þessum tíma. Lýsingin er eftir Guðmund Jóhannesson föðurbróður Emmu. Einar Guðmundsson læknir fékk Guðmund til að gefa lýsinguna. Afi Einars Guðmundssonar, Einar Jóhannesson, var bróðir þeirra Guðmundar og Kolbeins.

Skurðurinn sem um ræðir var um 6 m langur með stefnu nokkurn vegin í N-S. Skurðurinn var grafinn til að tengja nýja vatnslögn við eldri lögn. Búið


var að tengja lagnirnar og fylla í nýja skurðinn að undanskyldum þessum 6 m þegar undirritaður kom á staðinn. Í norðurenda skurðsins var útskot til vesturs þar sem nýja vatnslögnin var tengd við þá gömlu. Veggjarbrotið gekk út í útskotið og síðan þvert yfir skurðinn í stefnu ASA-VNV. Veggjarbrotið er 180 cm langt og gengur inn í skurðbakkann báðum megin.

Hreinsað var ofan af grjótinu í hleðslunni og hún teiknuð. Snið voru hreinsuð og skoðuð en látið nægja að lýsa þeim í orðum, sjá neðar. Teknar voru 28 ljósmyndir. Öll gögnin ásamt deiglu sem fannst verða varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.

Fornleifar

Veggjarbrotið lá á u.þ.b. 120 cm dýpi undir yfirborðinu. Um var að ræða neðstu steinaröðina í vegggleðslunni. Grjótið í hleðslunni var að mestu hellugrjót enda slíkt grjót mjög algengt í náttúrunni umhverfis. Grjótið var 5-15 cm þykkt og 20-60 cm í þvermál. Breidd hleðslunnar er um 70 cm. Jarðvegurinn yfir hleðslunni var að mestu leyti mikið hreyfð mold. Í moldinni fundust nokkur brot af nýlegu leirtaui með hvítum glerjungu. Það sem vakti athygli var að báðum megin við vegginn var þykkt, mjög dökkt mannvistarlag með ljósari linsum í. Lagið var ekki allsstaðar jafnþykkt. Þykkast var það sunnan veggjarins allt að 50 cm. Lagið fannst ekki ofan á grjótinu í hleðslunni. Undir þessu lagi, við neðri brún grjótsins í hleðslunni, fannst mjög hörð brúnleit gólfskán. Hún var eins báðum megin veggjarins.

Þegar verið var að tengja nýju vatnslögnina við þá gömlu fundu heimamenn deiglu beint þar undir sem lagnirnar tengjast. Seinna kom í ljós að grjóthleðslan er þarna beint undir. Þegar undirritaður athugaði staðinn sýndi það sig að dökka mannvistarlagið sem áður er nefnt huldi þennan



Hleðslan sem fannst við bæinn Eyvík og meint kuml eru auðkennd með hring á yfirlitskortinu. Hluti af herforingjaráðskorti Nr. 47 SV frá 1908.

hluta hleðslunnar og að deiglan hafði legið í því. Telja verður líklegt að hvoru tveggja, mannvistarlagið og deiglan, hafi hrunið yfir hleðsluna þegar grafið var fyrir eldri vatnslögninni á sínum tíma og að það sé skýringin á því að þessi hluti veggjarbrotsins sé sá eini sem hulinn er þessu lagi. Af hverju lagið nær hærra upp en það sem eftir er af veggjarbrotninu er erfiðara að útskýra. Hugsanlegt er þó að menn hafi sótt hleðslugrjótt í vegginn niður fyrir yfirborð mannvistarlagsins og skurðurinn síðan fyllst af fokmold.

Deiglan er mjög heilleg, aðeins örlítið brotið úr börmum hennar. Hún er 9 cm löng, 6,5 cm breið í annan endann en 4,5 cm breið í hinn endann. Hún er 2 cm þykk upp á brúnir barmanna og skálin sjálf er 1 cm djúp. Í öðru horni breiðari endans er stútur eða renna þar sem hellt hefur verið úr deiglunni. Yfir deiglunni lá ljósblátt efni, vivianit, sem mun vera útfelling úr jarðvegi. Algengt er að slík útfelling verði þar sem járn liggur í jörðu.

Vatnslögnin og steinhleðslan. Horft til suðurs. Myndin er tekin nokkrum dögum eftir að rannsóknin fór fram. Þá hafði ringt og vatn safnast í skurðinn. Ljós. Kristinn Magnússon.



Niðurstaða

Rannsóknin gefur ekki tilefni til að draga afgerandi ályktanir um hvers konar mannvirki veggjarbrotið tilheyrði eða frá hvaða tíma það er. Það má vel ímynda sér að hér sé kominn innveggur í gripahúsi. Gólfslag virðist vera báðum megin veggjarins. Ofan á því, einnig beggja vegna veggjarins, er þykkt mannvistarlag, hugsanlega vegna þess að ekki var stungið út úr húsunum þegar hætt var að nota þau. Þetta verður þó ekki staðhæft út frá þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir. Hér gæti eins verið um að ræða hluta af garði eða veggjarbrot úr einhvers konar gerði.

Um aldurinn er jafnerfitt að fullyrða. Það kann að vera að veggurinn sé hluti af mannvirki samtíða torfbænum sem búið var í fram til síðustu

aldamóta. Hitt er eins víst að þetta sé töluvert eldra því að bæjarhúsin í Eyvík munu hafa staðið á þessum stað öldum saman.

Kuml Ketilbjörns Gamla

Undirritaður notaði ferðina austur í Eyvík til að skoða meint kuml í landareigninni. Emma Kolbeinsdóttir vísaði á staðinn og gaf upplýsingar um hann. Nokkur brekka er upp frá Hestvatni að vestanverðu. Rúmlega einn kílómeter suður af bæjarhúsunum í Eyvík, ofarlega í brekkunni u.þ.b. 40 m frá vatninu er lítill bolli í brekkunni. Fremst á brún bollans er sporöskjulaga hóll, 10 x 4-5m í þvermál. Hóllinn er sagður kuml Ketilbjörns gamla. Í Landnámabók segir: "Ketilbjörn nam Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk og Laug-



Deigla. Ljósm. Ívar Brynjólfsson.

ardal allan og alla Biskupstungu upp til Stakksár og bjó að Mosfelli.”¹ Munnmæli herma að Ketilbjörn hefði neitað að taka kristna trú og fyrirskipað að láta heygja sig þar sem ekki heyrðist til klukkanna í kirkjum byggðalagsins. Undirrituðum hefur ekki tekist að finna þessa frásögn á prenti þrátt fyrir talsverða leit. Föðurbræður Emmu, Einar og Guðmundur Jóhannssynir vildu sannreyna hvort staðurinn sem hér um ræðir væri kuml Ketilbjörns. Einhvern tíma á árunum 1915-1920 grófu þeir bræður í hólinn að austanverðu. Þeir komu niður á steinhellu en hættu þá greftrinum. Sagt er að næstu nótt hafi þá dreymt mjög illa og lagt af öll áform um frekari gröft.

Hóllinn og umhverfi hans er mjög gróið og því erfitt að meta hvort hann er náttúrulegur eða manngerður.

Staðsetningin vekur áhuga og það verður að segjast að lega hólsins, fremst á brún lautarinnar, ýtir undir þá hugsun hvort manneskjan hafi ekki átt hér hlut að máli. Vel má sjá hvar þeir bræður hafa grafið í hólinn austanverðan þó sárið sé grasi gróið eins og allt annað. Þó ekki fari sögum af því virtist sem einnig hefði verið grafið í hólinn að norðanverðu. Undirritaður telur fulla þörf á því að grafa í hólinn til að skera úr um hvort hér sé um kuml að ræða eða ekki.

¹ Íslensk fornrit I 1968:385.

Skýrslur fornleifadeildar

1996

- 1 Skýrsla um starfsemi fornleifadeildar 1995. Guðmundur Ólafsson.
- 2 Vettvangskönnun vegna fyrirhugaðs kirkjugarðs á Mosfelli. Ragnheiður Traustadóttir.
- 3 Rannsókn á tóftarbroti í landi Vallar, Hvolshreppi. Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir.
- 4 Fornleifaskráning að Holti í Önundarfirði. Ragnar Edvardsson.
- 5 Kirkjugarður á Hæl í Reykholtisdalshreppi. Guðmundur Ólafsson.
- 6 Mosfell í Mosfellsbæ. Könnunarskurðir í túni. Þórhallur Þráinsson og Ragnheiður Traustadóttir.
- 7 Eftirlit vegna framkvæmda við kirkjutröppur og kirkjutorg við Skálholtskirkju. Ragnheiður Traustadóttir.
- 8 Fornleifakönnun vegna snjóflóðavarnarvirkja á Flateyri. Ragnar Edvardsson.
- 9 Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi. Ragnheiður Traustadóttir og Birna Gunnarsdóttir.
- 10 Fornar mannvistarleifar á Breiðabólstað í Vestur-Hópi. Guðmundur Ólafsson og Hjörleifur Stefánsson.
- 11 Skálholt. Fornleifaeftirlit II. Ragnheiður Traustadóttir.
- 12 Kumlafundur á Hraukbæ. Ragnheiður Traustadóttir.
- 13 Eftirlitsferð að Snorralaug í Reykholti. Guðmundur Ólafsson.
- 14 Fornleifakönnun á framkvæmdasvæði fyrir magnesíumverksmiðju. Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson.
- 15 Bringur í Mosfellsdal. Fornleifakönnun. Kristinn Magnússon.
- 16 Rannsókn á Bessastöðum 1996. Sigurður Bergsteinsson.
- 17 Bærinn undir sandinum. Dagbókarfærslur síðasta rannsóknarsumarið. Úrdráttur á sænsku. Guðmundur Ólafsson.
- 18 Hofsstadir í Garðabæ III. Ragnheiður Traustadóttir.
- 19 Eyvík í Grímsnesi. Steinhleðsla og meint kuml. Kristinn Magnússon.

